



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☐ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Eyja- og Miklaholtshreppur
Jökull Helgason,
skipulags- og byggingafulltrúi
Hofstöðum
311 Borgarnes

Reykjavík, 3. mars 2008
Tilvísun: UST20080100115/ksj

Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hrísdals I og II í Eyja- og Miklaholtshreppi

Vísað er til erindis Jökuls Helgasonar skipulags- og byggingarfulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps, dagsett 21. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á lóðum undir frístundabyggð í landi Hrísdals I og II. Um er að ræða 5 lóðir undir frístundahús. Lóðirnar eru misstórar þ.e. 2 þeirra eru 3 hektarar og 3 eru 1 hektari. Áður var stundaður hefðbundinn landbúnaður á jörðunum, en hefur verið aflagður. 3 lóðanna undir frístundahús eru utan í gömlum tünnum, en 2 eru staðsettar á óröskuðu svæði. Skipulagið er óvenjulegt að því leyti að lóðirnar eru nokkuð dreifðar um land Hrísdals I og II. Samkvæmt skipulagstillögunni getur hvert hús verið allt 400 fermetrar að stærð og allt að 8 metra hátt.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við erindið

Þar sem jörðin Hrísdalur liggur upp að Straumfjarðará vill Umhverfisstofnun benda á að samkvæmt 23. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er ekki heimilt að setja girðingu á vatnsbakka eða eins og segir í 23. greininni *“Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.”*

Einnig þarf að gæta þess að framkvæmdir fari aldrei nær árbakka en 50 metrar eða eins og segir í skipulagsreglugerð nr 400/1998 í grein 4.15.2 Vötn, ár og sjór *“Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim”*.

Í greinargerð með deiliskipulagsuppdraetti kemur fram að frárennsli sé samkvæmt 29. grein reglugerðar 941/2002 sem er reglugerð um hollustuhætti. Umhverfisstofnun bendir á að reglugerð nr. 798/1999 sem er reglugerð um fráveitur og skólp er sú reglugerð sem yfirleitt er miðað við í tengslum við roþrær og siturlagnir í frístundabyggðum en þær þurfa að vera af viðeigandi stærð og gerð. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um roþrær og siturlagnir og er þær að finna á heimasíðu stofnunarinnar (www.ust.is). Á endanlegan skipulagsuppdrátt skal merkja staðsetningu roþróa.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Hjalti J. Guðmundsson
Sviðsstjóri

Afrit Skipulagsstofnun